

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 146/2023

2023/EES/87/03

frá 13. júní 2023

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir  
og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1023 frá 28. júní 2022 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 og viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 að því er varðar notkun á hafralesitíni í kakó- og súkkulaðivörur sem falla undir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/36/EB <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1037 frá 29. júní 2022 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 og viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 að því er varðar notkun á glýkólípíðum sem rotvarnarefni í drykkjarvörur <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1038 frá 29. júní 2022 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun á pólývínýlpýrrólídóni (E1201) í matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi í formi taflna og húðaðra taflna <sup>(3)</sup>.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/965 frá 21. júní 2022 um leyfi til að setja á markað kjarna úr ætu yrki *Jatropha curcas* L. sem nýfæði og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 <sup>(4)</sup>.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/966 frá 21. júní 2022 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 að því er varðar skilyrði fyrir notkun, sértækar kröfur um merkingu og nákvæma skilgreiningu á nýfæðinu olía úr *Calanus finmarchicus* <sup>(5)</sup>.
- 6) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1160 frá 5. júlí 2022 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 að því er varðar skilyrði fyrir notkun og nákvæma skilgreiningu á nýfæðinu nikótínamiðribósíðklóríði <sup>(6)</sup>.
- 7) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1365 frá 4. ágúst 2022 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 að því er varðar skilyrði fyrir notkun á nýfæðinu olíu úr *Schizochytrium* sp. sem er auðug af dókósa-hexensýru og eikósapentensýru <sup>(7)</sup>.
- 8) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1381 frá 08. ágúst 2022 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 að því er varðar skilyrði fyrir notkun á nýfæðinu galaktófásykru <sup>(8)</sup>.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 172, 29.6.2022, bls. 5.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 173, 30.6.2022, bls. 52.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 173, 30.6.2022, bls. 56.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 166, 22.6.2022, bls. 118.

<sup>(5)</sup> Stjtið. ESB L 166, 22.6.2022, bls. 125.

<sup>(6)</sup> Stjtið. ESB L 179, 6.7.2022, bls. 25.

<sup>(7)</sup> Stjtið. ESB L 205, 5.8.2022, bls. 230.

<sup>(8)</sup> Stjtið. ESB L 207, 9.8.2022, bls. 12.

- 9) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 10) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi breytingar verða gerðar á XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 54zzzzr (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008):
- „– **32022 R 1023**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1023 frá 28. júní 2022 (Stjtið. ESB L 172, 29.6.2022, bls. 5),
  - **32022 R 1037**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1037 frá 29. júní 2022 (Stjtið. ESB L 173, 30.6.2022, bls. 52),
  - **32022 R 1038**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1038 frá 29. júní 2022 (Stjtið. ESB L 173, 30.6.2022, bls. 56).“
2. Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 124b (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470):
- „– **32022 R 0965**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/965 frá 21. júní 2022 (Stjtið. ESB L 166, 22.6. 2022, bls. 118),
  - **32022 R 0966**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/966 frá 21. júní 2022 (Stjtið. ESB L 166, 22.6. 2022, bls. 125),
  - **32022 R 1160**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1160 frá 5. júlí 2022 (Stjtið. ESB L 179, 6.7. 2022, bls. 25),
  - **32022 R 1365**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1365 frá 4. ágúst 2022 (Stjtið. ESB L 205, 5.8. 2022, bls. 230),
  - **32022 R 1381**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1381 frá 8. ágúst 2022 (Stjtið. ESB L 207, 9.8. 2022, bls. 12).“
3. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir 221. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/961):
- „222. **32022 R 0965**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/965 frá 21. júní 2022 um leyfi til að setja á markað kjarna úr ætu yrki *Jatropha curcas* L. sem nýfæði og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 (Stjtið. ESB L 166, 22.6.2022, bls. 118).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) 2022/1023, (ESB) 2022/1037 og (ESB) 2022/1038 og framkvæmdarreglugerða (ESB) 2022/965, (ESB) 2022/966, (ESB) 2022/1160, (ESB) 2022/1365 og (ESB) 2022/1381 sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. júní 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. júní 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Nicolas von Lingen***

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.